


# Skýrsla kennsluráðgjafa skóladeildar

Skólaárið 2013-2014



Íslenska: Góðan dag!  
Swahili: Hamjambo!  
Kinverska: ni há!  
Albanska: Mirdita  
enska: Good morning!



Swahili  
Góðan daginn  
↓  
Habari ya asubuhi  
Góðan daginn krakkar  
↓  
Hamjambo-watoto

Helga Hauksdóttir



## Inngangur

Skólaárið 2013 – 2014 er annað árið sem kennsluráðgjafi hefur starfað á skóladeild Akureyrarbæjar vegna nemenda sem eru með íslensku sem annað tungumál. Starf vetrarins hefur verið ánægjulegt og ég unnið með fjölda kennara og heimsótt alla skóla bæjarins. Mér hefur fundist gaman að sjá hvað kennarar og íslenskir nemendur taka vel á móti erlendum börnum sem koma inn í bekkina, hvort sem er að hausti, í upphafi skólaárs eða á miðjum vetri. Sumir kennarar og stjórnendur hafa látið í ljósi að gaman sé að fá sem fjölbreyttastan nemendahóp í skólann og að það auki víðsýni og virðingu nemenda fyrir einstaklingum sem hafa ólíkan bakgrunn og menningu. Það auðgar samfélag okkar og á vonandi þátt í því að stuðla að þjóðfélagi þar sem hver einstaklingur er virtur að verðleikum og leggur sitt af mörkum til samfélags sem í senn er eitt og margþætt.

## Undirbúningur skólaársins

Undirbúningur skólaársins 2013 – 2014 hófst strax í júnímánuði 2013. Þá fundaði ég með kennurum Lundarskóla sem ætluðu að taka við 1. bekkjum í ágúst. Í þeim hópi eru óvenju margir erlendir nemendur /nemendur sem eiga annað foreldri erlent. Við fórum aðeins yfir atriði sem gaman væri að huga að áður en nemendur kæmu í skólann, t.d. hvort einhverjar upplýsingar væru til á móðurmáli þeirra, hvort hægt væri að hafa eitthvað sýnilegt í kennslustofunni sem minnti okkur á fjölbreyttan nemendahóp, t.d. fána landa þeirra, eða kveðju á móðurmálum allra nemenda bekkjarins.

Í júnímánuði hitti ég einnig móður sem var að flytja í bæinn með tvö börn sem tala eingöngu ensku og vildi láta vita af þeim með fyrirvara.

Eftir að skýrslugerð vegna skólaársins 2012-2013 var lokið og ég hafði sent vinnuyfirlit til allra skólastjórnenda, beið mín fræðilegur lestur og þar með nám en ég hafði tekið að mér að vera með fræðslu á námskeiðsdögum Ísbrúar fyrir skólabyrjun 2013.

Í ágúst byrjaði ég á því að taka saman efni í möppur með ýmsum upplýsingum til að afhenda foreldrum erlendra nemenda á móttökufundum í upphafi skólaárs.

## Kennsla

Í upphafi septembermánaðar var ég að móta stundaskrá mína fyrir vinnu með nemendum og kennurum og kennslu mína fram að áramótum. Þá var ég einnig að kynnast nemendum, kennurum og skipuleggja upphafsskref í kennslu og áherslur fyrir hvern og einn. Þegar stundaskrá var tilbúin var ég að kenna 16 kennslustundir á viku í tveimur skólum, 11 tíma í Síðuskóla og 5 tíma í Oddeyrarskóla. Í Síðuskóla var ég sérstaklega að sinna þeim nemendum sem voru að koma alveg nýir og höfðu engan grunn í íslensku. Í Oddeyrarskóla var ég hins vegar að aðstoða nemendur

sem voru lengra komnir og þá sérstaklega með lestur lesgreina, t.d. þjóðfélagsfræði.

Eftir áramót kom ég aðeins að kennslu nemanda í Lundarskóla, þar sem ég tók nokkurra vikna upprifjun á ýmsum þáttum íslenskunnar. Einnig tók ég að mér smá fræðslu um námstækni sem gott væri að tileinka sér í lesgreinum með nemanda á unglíngastigi í Lundarskóla.

## Aðlögun námsefnis og útfærsla matstækis

Aðlögun námsefnis fyrir erlenda nemendur er akur þar sem verkefnin eru óþrjótandi. Sérstaklega kalla kennarar eftir aðlöguðu námsefni fyrir eldri nemendur sem eru að lesa erfiða texta í samfélagsgreinum og raungreinum. Í vetur var ég að vinna með nemanda þjóðfélagsfræði sem kennd er í 9. bekk og notaði þá tækifærið og vann grunnhluta bókarinnar *Frelsi og velferð, saga 20. aldar II* í auðveldara form. Áhersla er á stuttar og auðskiljanlegar setningar, myndir til stuðnings og verkefni í formi hugtakakorta. Kennsla þar sem áhersla er á samræðu styður svo við þessa nálgun. Dæmi um útfærslu fyrsta kafla sem nú er aðgengilegur á netinu:

[http://akmennt.is/erlendir/Frelsi%20og%20velfer%C3%B0\\_II.pdf](http://akmennt.is/erlendir/Frelsi%20og%20velfer%C3%B0_II.pdf)

Þegar fór að líða á skólaárið ákvað ég að útfæra stöðumat sem hægt væri að nota til að meta þá nemendur sem eru að byrja að læra íslensku. Þar var bæði stuðst við mínar eigin áherslur í kennslu þeirra í vetur og Aðalnámskrá grunnskóla.

Þetta mat er sömuleiðis aðgengilegt á netinu:

[http://akmennt.is/erlendir/namsmat%20\\_vor%202014.pdf](http://akmennt.is/erlendir/namsmat%20_vor%202014.pdf)

Einnig vann ég ýmis önnur verkefni fyrir nemendur, bjó til spil, texta til að vinna með og fleira. Flest af þessu efni er sömuleiðis komið á netið.

## Þýðingar

Hluti starfs míns er að reyna að þýða nauðsynlegar upplýsingar fyrir foreldra erlendra barna. Ég hafði lengi hugsað um að reyna að koma grunnupplýsingum um aðferðafræði Byrjendalæsis á önnur tungumál enda nauðsynlegt fyrir erlenda foreldra að skilja og vita um aðferðafræði lestrarkennslu í yngstu bekkjum grunnskólans. Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir hjá Miðstöð skólaþróunar við HA setti saman fyrir mig texta sem gengið var út frá við þýðingar. Fyrir áramót voru komnar upplýsingar um Byrjendalæsi á ensku, pólsku, litháísku og lettnesku og eftir áramót bættist svo við þýðing á þýsku. Pólski textinn:

<http://akmennt.is/erlendir/logo%20med%20streng%20-%20polska.pdf>

Alltaf er þörf á einhverjum þýðingum fyrir erlenda foreldra en reynt er að halda þeim í lágmarki, nema þeim sem eru „margnota“. Nú er í vinnslu þýðing á bæklingi um leikskóla fyrir erlenda foreldra og vonandi verður hann aðgengilegur á netinu innan skamms.

## Fyrirlestrar og fræðsla

Námskeiðsdagar Ísbrúar voru í Reykjavík, dagana 15. og 16. ágúst. Þar sá ég um fræðslu sem ég nefndi „**Gæðum orðin lífi**“ og fjallaði m.a. um mikilvægi þess að velja þau orð sem við kennum nemendum og mikilvægi þess að kenna líka á dýptina en gleyma okkur ekki aðeins í því að kenna sem flest orð. Fræðilegur bakgrunnur var m.a. sóttur til Lori Wilfong, Benjamin og Crow o.fl.

Í nóvember var ég með fræðslufund fyrir starfsfólk fjölskyldudeildar um fjölmenningslegt samfélag nútímans og sagði jafnframt frá starfi mínu og aðal viðfangsefnum.

Ég tók líka að mér að vera gestafyrirlesari við HA í námskeiði um móttöku nýútskrifaðra kennara í grunnskóla hjá Maríu Steingrímsdóttur sem var með námskeið sem hét *Leiðsögn og starfsþroski*.

Þann 3. janúar var ég með fræðslu fyrir starfsfólk Síðuskóla um fjölmenningu og móttöku erlendra nemenda.

Þann 10. febrúar sá ég um námskeið á vegum Ísbrúar fyrir kennara á Reykjavíkursvæðinu, ásamt Önnu Guðrínu Júlíusdóttur, sem er kennari við móttökudeild Álfhólsskóla í Kópavogi.

Þann 24. febrúar vorum við Anna Guðrún síðan með sambærilegt námskeið í boði Ísbrúar fyrir kennara á Eyjafjarðarsvæðinu. Námskeiðið var haldið í Brekkuskóla og þangað mættu um 40 áhugasamir kennarar sem gaman var að hitta.

Þann 6. mars var ég gestafyrirlesari í námskeiðinu *Nám og kennsla í skóla fjölbreytileikans* sem Hermína Gunnþórsdóttir sá um í framhaldsnámi við HA.

Þann 12. mars var ég aftur gestafyrirlesari hjá Hermínu á námskeiði sem heitir *Jafnrétti og fjölmennig*. Það er gaman að hitta áhugasama háskólanema en við undirbúning fyrirlestra er nauðsynlegt að líta aðeins í eigin barm og hugleiða svolítið gagnrýnið það sem maður er sjálfur að fást við, bæði fræðilega og í framkvæmd á vettvangi kennslu.

## Óformleg fræðsla og fundir með kennurum

Allt skólaárið berast einhverjar óskir frá kennurum um fundi, ráðleggingar um kennslu og stundum um þátttöku mína á fundum með foreldrum /sálfræðingum eða öðrum úr stuðningskerfi grunnskólanna.

Í vetur kom einnig beiðni frá skólastjóra Grenivíkurskóla um heimsókn til kennara þar til að ræða leiðir í kennslu erlendra barna. Ég fór þangað og hitti þrjá áhugasama kennara til skrafs og ráðagerða um leiðir og áherslur í kennslu.

Í vetur hitti ég einnig kennara þriggja bekkja í Glerárskóla vegna náms og kennslu erlendra nemenda og hitti jafnframt foreldra eins nemanda.

Ég var með kennurum 1. bekkjar Lundarskóla í móttökuvíðtölum að hausti og hitti



bæði kennara, nemendur og foreldra aftur á fundum með foreldrum fyrir og eftir áramót.

Fáir erlendir nemendur eru í Naustaskóla en ég átti nokkra fundi þar á vorönninni og vann með deildarstjóra og umsjónarkennara og var á fundum með foreldrum. Þar settum við niður áætlun til aðstoðar nemanda sem þarf stuðning við íslensku.

Í Giljaskóla kom ég að vinnu með einn nemanda og var á fundum með umsjónarkennara, sérkennara og foreldrum eftir því sem þörf var á í gegnum skólaárið.

Í Brekkuskóla hitti ég sérkennara og umsjónarkennara erlends nemanda nokkrum sinnum, auk þess sem við vorum í tölvusambandi eftir þörfum. Þegar leið að vori hitti ég umsjónarkennara sem var að taka á móti nýjum erlendum nemanda og var einnig í tölvusambandi við hann. Undir lok skólaársins aðstoðaði ég nemanda og foreldra við að skipta um skóla en nemandinn mætti í Brekkuskóla í tvo daga í lok skólaárs til að kynnst tilvonandi bekkjarfélögum næsta vetur. Það gekk mjög vel og voru móttökur nemenda og kennara mjög fínar.

Í Oddeyrarskóla og Síðuskóla var ég með fasta kennslu og því daglegur gestur þar en ég hitti einnig kennara þeirra skóla til skrafs og ráðagerða vegna íslenskukennslu annarra nemenda.

## Pólski skólinn

Að loknu vetrarfríi grunnskóla í lok október fór af stað tilraunaverkefni, „pólskur skóli“ þar sem pólskum nemendum var boðið upp á ýmsa fræðslu á móðurmáli sínu.

Áhersla var lögð á fjölbreytta nálgun í kennslu, bæði leiki og sköpun, tungumál og menningu. Skólinn var auglýstur á vegum Alþjóðastofu og í Dagskránni birtist heilsíðuauglýsing á pólsku. Kennari var Magda Litwiniuk,

sem er uppeldismenntuð frá háskólanum í Białystok. Þessi starfsemi var í Rósenborg á laugardagsmorgna og var nemendum skipt í yngri og eldri hóp. Yngri hópurinn var á leikskólaaldri en í eldri hópnum tóku aðallega þátt grunnskólanemendur á aldrinum 6 – 10 ára. Eldri nemendur sýndu ekki áhuga á að mæta.

Í janúar átti ég fund með Katrínu Ríkarðsdóttur um áframhald á pólska skólanum og var ákveðið að halda verkefninu áfram á sömu nótum fram að páskafríi nemenda. Á næsta skólaári verður síðan skoðað hvort og hvernig við getum haldið áfram með svipað verkefni.

## Endurmenntun

Ég sótti námskeið Ísbrúar 14. og 15. ágúst þar sem ólíkir kennarar sögðu frá reynslu sinni og voru með gagnlega fræðslu af ýmsu tagi sem nýttist vel inn í starf vetrarins.

Hróbjartur Árnason frá menntavísindasviði HÍ var með áframhald á fræðslu fyrir



„innanhússfræðara“ um námsleiðir og áherslur í námi fullorðinna í mars. Það var ágæt viðbót við fyrri fræðslufundi Hróbjarts um sama viðfangsefni.

Þann 28. maí var starfsdagur kennsluráðgjafa haldinn í fyrsta sinn. Félag kennsluráðgjafa er nýtt og þar eru nú skráðir um 40 meðlimir. Oft eru kennsluráðgjafar tiltölulega einir í starfi, sérstaklega á landsbyggðinni og því er mjög gaman að eiga kost á því að hitta fólk víðs vegar að sem er að fást við lík verkefni og maður sjálfur. Þennan dag var ferðast aðeins um í nágrenni Reykjavíkur. Við heimsóttum Alþjóðaskólann sem nú er til húsa í Sjálandsskóla í Garðabæ. Nú er Alþjóðaskólinn 10 ára gamall en hann var áður í Víkurskóla í Grafarvogi. Forveri skólans var skóli bandaríska sendiráðsins hérlendis en þá var skólinn til húsa í Bergstaðastræti og nemendur voru mjög fáir og tiltölulega einangraðir. Nú eru tvær deildir í skólanum, annars vegar alþjóðleg deild, þar sem allt nám fer fram á ensku og hins vegar tvítyngd deild. Í alþjóðlegu deildinni er mest verið að höfða til erlendra barna sem dvelja hér stuttan tíma, t.d. vegna atvinnu foreldra og ætla ekki að ílengjast hér á landi. Í tvítyngdu deildinni eru hins vegar nemendur sem hafa dvalið lengi erlendis eða eiga annað foreldri erlent. Þar var lagt upp með að íslenska væri notuð í um 60% af tímanum og enska á móti. Nú hefur því hins vegar verið breytt þannig að íslenska er í um 70% tímans og enska 30%. Sú ákvörðun var tekin vegna þess hve ungt fólk verður fyrir miklu ensku áreiti og það sýndi sig að frekar þurfti að styrkja nemendur í íslensku en erlendum málum.

Síðan lá leið okkar til Njarðvíkur en þar fengum við kynningu á lestrarstefnu skólans sem er mjög skýr, alveg frá 1. og upp í 10. bekk. Lestrarstefnan heitir *Lestu meira, lestu betur* og er henni fylgt fast eftir af deildarstjórum skólans. Lestrarstefnan er aðgengileg á netinu:

[http://njarðvikurskoli.is/resources/Files/Skolagogn/lestur/lestarstefna\\_njarðvikurskoli\\_2013\\_2014.pdf](http://njarðvikurskoli.is/resources/Files/Skolagogn/lestur/lestarstefna_njarðvikurskoli_2013_2014.pdf)

Að lokum fórum við til Keflavíkur, í Duushús, Menningar og listamiðstöð Reykjaneshæjar þar sem við fengum kynningu á starfi kennsluráðgjafa og Gyða Arnmundsdóttir sagði okkur frá aðkomu skólaskrifstofu í læsisvinnu. Þetta var mjög vel heppnaður dagur, þar sem saman fór fræðsla, nám og skemmtun.

## Samstarf við ýmsa aðila

Fyrir hönd grunnskólakennara á Akureyri er ég er tryggur viðskiptavinur Bókasafns Árborgar sem er móðursafn pólskra bóka. Kennarar sem kenna yngstu nemendum eru áhugasamir um að fá bækur til yndislestrar á móðurmáli nemenda. Ég panta því oft bækur sem ég skipti á milli skólanna og þannig koma þær mörgum nemendum að góðum notum. Einnig hef ég fengið lánaðar bækur um samfélagsfræði fyrir pólskan nemanda á miðstigi sem las þá á móðurmáli sínu, samhliða því að vera með íslenskt námsefni.

Hulda Karen Daníelsdóttir verkefnastjóri hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða sér einnig um að þjóna landsbyggðinni í málefnum erlendra nemenda. Hún kom hingað tvo daga í nóvember sem við nýttum til að undirbúa námskeið Ísbrúar á

vorönn og ég er einnig í miklum tölvusamskiptum við hana.

Í janúar átti ég fund með aðstoðarskólameistara, námsráðgjafa og kennara ISA áfanga í íslensku við VMA. Skólinn er nú að vinna að móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur og við ræddum bæði innihald móttökuáætlana og nauðsynlega samvinnu okkar þegar nemendur fara á milli skólastiga.

Um mánaðamót janúar – febrúar sat ég fund með Lionskonum sem hafa áhuga á að koma að eflingu læsis með einhverjum hætti og sjá t.d. fyrir sér að aðstoða erlenda nemendur sérstaklega. Við ræddum um skipulag á slíkri aðstoð, sem gæti hugsanlega farið fram bæði á Amtsbókasafninu og heima hjá nemendum í einhverjum tilfellum. Lionskonur eru sérstaklega að hugsa um yngstu nemendurna, t.d. 1. og 2. bekk og er undirbúningur aðeins hafinn, bæði með því að senda skólástjórnendum kynningarbréf og það er búið að þýða foreldrabréf á pólsku. Vonandi kemst þetta verkefni af stað næsta haust.

Zane Brikovska hjá Alþjóðastofu og ég eigum gott samstarf. Við funduðum t.d. með tengiliðum grunnskólanna þar sem við ræddum m.a. skýrslu um stöðu erlendra íbúa Akureyrar og ég sagði þeim frá hugsanlegu verkefni Lionskvenna. Núna í vor var Erasmus starfsnemi í heimsókn hjá Alþjóðastofu, lögfræðingur frá Berlin og hún kom í heimsókn til mín til að fræðast um íslenskt skólakerfi og móttöku erlendra nemenda.

Því miður hef ég aðeins fundað einu sinni í vetur með tengiliðum mínum sem eru úr öllum grunnskólunum. Það er mjög gott að heyra raddir kennara frá þeim og ég þarf að laga þetta fundaleysi. Vonandi byrjum við á betri nótum næsta haust!!

Samstarf við kennsluráðgjafa fjölskyldudeildar er ekki í föstum skorðum né skipulagt en er virkt í málefnum einstakra nemenda. Einnig ræðum við saman um skýrslur skólanna vegna erlendra nemenda til Jöfnunarsjóðs og um tímaúthlutun til skólanna vegna erlendra nemenda.



## Samskipti á vef – heimasíða og fréttabréf

Heimasíðan, [www.akmennt.is/erlendir](http://www.akmennt.is/erlendir) er nokkuð virk og ég reyni að setja þangað inn einhverjar upplýsingar sem gagnast kennurum a.m.k. einu sinni í viku. Þar safna ég saman námsefni, þýðingum, upplýsingum um túlka og hvað eina sem mér dettur í hug að geti nýst kennurum vel. Ég held að margt af því efni sem þar er að finna geti líka komið sér vel fyrir kennara þó að þeir hafi ekki erlenda nemendur í bekknum sínum, heldur eðlilegan, fjölbreyttan bekk þar sem þarfir nemenda eru með ýmsu móti.

Í vetur sendi ég út átta fréttabréf. Þau eru send til allra leik- og grunnskólakennara, auk nokkurra fleiri aðila. Markmið með útgáfu fréttabréfsins er að minna á starf kennsluráðgjafa, vekja athygli á því sem kennarar eru að gera vel í starfi með erlendum nemendum, benda á námskeið eða fræðslu sem er í boði og fræða kennara um lönd og siði erlendra fjölskyldna í bænum.

Dæmi: [http://akmennt.is/erlendir/Frettabref\\_1.tbl.3.arg.pdf](http://akmennt.is/erlendir/Frettabref_1.tbl.3.arg.pdf)

## Frístund sem hluti móttökuáætlunar

Haustið 2013 hitti ég skólastjóra allra grunnskólanna á fundi og þar samþykktu allir að bjóða nemendum á frístundaldri sem væru að flytja nýir til landsins (þ.e. hefðu ekki verið áður í íslenskum leikskóla) gjaldfrjálsa dvöl í frístund, tvo daga í viku, eina og hálf klukkustund í senn. Markmiðið er að bjóða barninu dvöl í íslensku málumhverfi og þátttöku í frjálsum leik jafnaldra. Hvoru tveggja er mikilvægt, bæði til að mynda félagsleg tengsl og styðja við tjáningu á íslensku í hópi jafnaldra.

## Önnur verkefni vetrarins

Skólastjórnendur á Akureyri hafa síðastliðna tvo vetur verið að tileinka sér aðferðir virks lærdómssamfélags þar sem áhersla er m.a. á sameiginlega sýn og samstarfsmenningu þar sem áherslan beinist að námi og árangri nemenda. Ég hef tekið þátt í þessari vinnu með stjórnendum og er það bæði fróðlegt og skemmtilegt. Í faglegum samræðum af þessu tagi getur hver litið til eigin starfa og heimfært gildi og aðferðir á eigin viðfangsefni, auk þess sem við byggjum vonandi upp enn öflugra skólasamfélag sem verður í sífelldri þróun og framför.

Í vetur tók ég einnig þátt í verkefni Akureyrarbæjar sem gengið hefur undir heitinu „Innanhússfræðarar“ en er í raun jafningjastuðningur þar sem áhersla er lögð á að hver einstaklingur skipti miklu máli á vinnustað sínum og að við berum öll sameiginlega ábyrgð á því að skapa góðan vinnuanda þar sem allir gera sitt besta og hjálpast að við að skapa góða liðsheild á hverjum stað. Í vetur heimsóttum við marga ólíka vinnustaði sem gaman var að kynnst og vonandi hefur okkur tekist að vekja aðeins til umhugsunar um mikilvægi þess að allir geti notið sín sem best í verkefnum sínum hverju sinni.

## Að lokum

Nú eru liðin tvö skólaár frá því að ákveðið var að leggja niður móttökudeild fyrir erlenda nemendur í Oddeyrarskóla. Ég er enn sannfærð um að það hafi verið rétt skref, þó svo að auðvitað séu bæði kostir og gallar við báðar leiðir.

Erlendir nemendur eiga að vera eðlilegur og sjálfsagður hluti af nemendahópi grunnskóla Akureyrarbæjar – í öllum skólum – í öllum hverfum! Fögnum fjölbreytileikanum og nýtum hann okkur öllum til þroska og víðsýni.

16. júní 2014

*Helga Hauksdóttir*





**Rætur nemenda í 2. bekk Síðuskóla liggja víða um heim!**